

Reykjavík, 6. desember 2021
SFS2021090310
222. fundur
HG/sv

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í grunnskólum varðandi skólastarf Fossvogsskóla.

Á 216. fundi skóla- og frístundaráðs þann 28. september 2021 lagði áheyrnarfulltrúi foreldra barna í grunnskólum fram svohljóðandi fyrirspurn varðandi skólastarf í Fossvogsskóla:

Foreldrar yngri barna hafa lýst yfir ánægju með aðstöðu yngri barnanna í húsnæði Hjálpræðishersins en sama má ekki segja um aðstöðu eldri barnanna í Korpuskóla. Mikill tími fer í að keyra upp í Grafarvog og í Fossvoginn aftur á hverjum degi og eru börn að lenda í því að mæta of seint á íþróttæfingar þar sem skóladagurinn þeirra lengist sem nemur akstri til og frá skóla. Þar fyrir utan er áreitið í rútunum mikið og fer það misvel í börn og því meira um það að börn séu að byrja skóladaginn í ójafnvægi. Eitthvað er um að foreldrar séu að skutla og sækja börnin í skólann til að hlífa þeim við þessu áreiti. Hefur verið skoðað að hafa yngri börnin áfram í húsnæði Hjálpræðishersins og að eldri börnin verði í skúrum á skólalóð Fossvogsskóla? Ef nei, er það eitthvað sem skóla- og frístundasvið væri tilbúið að skoða með foreldrum? Hvernig er haldið utan um mætingar barna í rútunum og hvaða börnum er skutlað í skólann? Hvað gerist ef barn missir af skólarúttunni og hefur ekki það bakland sem þarf til að vera skutlað í skólann? Hvenær verða skúrarnir tilbúnir til notkunar?

Svar:

Skólastarf fyrir 1. – 4. bekk í Fossvogsskóla fluttist alfarið úr húsnæði Hjálpræðishersins og í nýjar færanlegar kennslustofur við Fossvogsskóla í fyrstu viku októbermánaðar 2021. Hvað varðar skólastarf Fossvogsskóla í húsnæði Korpuskóla er það í föstum skorðum og fara þrjár rútur frá Fossvogsskóla á hverjum morgni með nemendur í 5. – 7. bekk í Korpuskóla. Aksturinn tekur um 15 mínútur hvora leið. Almennt er fylgd starfsmanna í rútunum nema í undantekningartilfellum ef um óvænt veikindi starfsmanna er að ræða og ekki næst að manna með stuttum fyrirvara. Ekki stendur til að gera frekari breytingar á húsnæðismálum skólans á yfirstandandi skólaári. Foreldrar eru upplýstir um þessa ákvörðun skóla- og frístundasviðs. Þeir starfsmenn sem fara í rútunum fylgjast með komu barna og þekkja hópinn vel. Hafi komið til þess að nemandi missir af rútu þá eru þau undantekningartilfelli leyst af hendi skólans eða í samráði við foreldra. Þá fer einnig fram mætingarskráning þegar nemendur koma í hús í Korpuskóla. Nemendur sem mögulega missa af rútu eiga þess kost að fara inn í kennslustofur yngri barna í Fossvogi og fundin er lausn á málum.